

Stjórnendur 400 stærstu fyrirtækjanna: Aðstæður slæmar og versnandi horfur

Mat á núverandi aðstæðum

Yfirgnæfandi meirihluti stjórnenda fyrirtækja telja aðstæður í atvinnulífinu vera slæmar samkvæmt nýrri könnun Capacent meðal stærstu fyrirtækja landsins fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabankann. Samkvæmt könnuninni telja 72% stjórnenda aðstæður vera slæmar, 26% að þær séu hvorki góðar né slæmar en 2% að þær séu góðar. Mat stjórnenda á ástandinu hefur verið svipað í hálf t fjórða ár, eða frá miðju árinu 2008.

Mat á aðstæðum eftir 6 mánuði

Mat stjórnenda á aðstæðum eftir 6 mánuði er lakara en það var fyrir ári síðan. Eins og í fyrri könnunum telja fleiri stjórnendur að ástandið versni á næstunni en að það batni, þótt flestir telji að þær breytist ekki. Fjórðungur stjórnenda sjá fram á lakari aðstæður eftir 6 mánuði, 17% að þær versni en 58% telja að þær verði óbreyttar. Töluverður munur er á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í þessu efni. Á höfuðborgarsvæðinu telja 19% stjórnenda að aðstæður batni, en einungis 9% á landsbyggðinni. Stjórnendur í fjármálastarfsemi, samgöngum og ferðaþjónustu eru bjartsýnastir en svartsýnastir eru stjórnendur í iðnaði og sjávarútvegi.

Fjárfestingar

Ekki eru horfur á því að fjárfestingar fyrirtækja aukist á þessu ári samkvæmt könnuninni. Rúmur helmingur stjórnenda telur að fjárfestingar fyrirtækjanna verði svipaðar á þessu ári og árið 2010, fjórðungur að þær verði minni en tæpur fjórðungur að þær verði meiri. Horfur eru á að fjárfestingar í verslun aukist á árinu en að þær dragist enn saman í sjávarútvegi og byggingarstarfsemi. Útlit er fyrir smávægilega aukningu fjárfestinga á höfuðborgarsvæðinu en samdrátt á landsbyggðinni.

Skortur eða nægt framboð af starfsfólki

Flestir stjórnendur búa við nægt framboð af starfsfólki en einungis 14% þeirra vantar starfsfólk. Skortur á starfsfólki hefur heldur farið vaxandi síðustu misseri þar sem um 5% bjuggu við skort fyrir rúmu ári síðan. Skortur á starfsfólki er mun meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu þar sem 28% stjórnenda búa við skort á starfsfólki en aðeins 9% á höfuðborgarsvæðinu. Þær atvinnugreinar sem helst skortir starfsfólk eru sjávarútvegur og sérhæfð þjónusta og skorturinn er áberandi meiri í útflutningsfyrirtækjum en í öðrum fyrirtækjum.

Fjölgun eða fækkun starfsmanna

Rúmlega 30 þúsund starfsmenn starfa hjá fyrirtækjunum í könnuninni. Ætla má af svörum stjórnendanna að starfsmönnum þeirra fækki um 150-300 á næstu sex mánuðum, eða um 0,5-1%. Langflestir, eða 62%, búast við óbreyttum starfsmannafjölda á næstu sex mánuðum, 15% áforma fjölgun starfsmanna en 23% búast við fækkun. Þetta eru svipaðar horfur og fram komu fyrir ári síðan og raunar allar götur síðan á miðju árinu 2008. Fækkun starfsmanna er áformuð í öllum

þeim atvinnugreinum sem flokkað er eftir nema í sérhæfðri þjónustu, þar sem áform eru um fjölgun starfsmanna og í verslun þar sem búist er við óbreyttum starfsmannafjölda.

Nýting framleiðslu- og þjónustugetu

Langflest fyrirtækin telja það ekki vandamál að bregðast við óvæntri aukningu í eftirspurn eða sölu. Það felur í sér að vannýtt framleiðslu- og þjónustugeta er víðtæk í atvinnulífinu. Það er helst í sérhæfðri þjónustu og sjávarútvegi að stjórnendur telji það vera nokkurt vandamál að bregðast við slíkum aðstæðum. Nánast allir aðspurðir telja að þetta ástand vari næstu sex mánuði.

Framlegð (EBITDA)

Útlit er fyrir að framlegð fyrirtækja minnki að jafnaði á næstu sex mánuðum. Tæpur helmingur stjórnenda, 45%, telur að framlegð fyrirtækja þeirra muni standa í stað, en rúmur þriðjungur að hún minnki. Framlegð fyrirtækjanna hefur heldur minnkað á síðustu sex mánuðum.

Hagnaður

Hagnaður fyrirtækjanna verður að jafnaði minni á þessu ári en á því síðasta. Töluvert fleiri stjórnendur búast við því að hagnaður fyrirtækjanna minnki á þessu ári en að hann aukist. 37% stjórnenda búast við minni hagnaði, 35% að hann verði óbreyttur en 28% að hann aukist. Að jafnaði sjá stjórnendur fram á aukinn hagnað í sérhæfðri þjónustu, óbreyttan hagnað í fjármálastarfsemi en mikill meirihluti stjórnenda í iðnaði og sjávarútvegi sjá fram á minni hagnað. Lítill munur er á útflutningsfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum í þessu efni. Mikill munur er á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni þar sem mun herra hlutfall stjórnenda á landsbyggðinni sér fram á minnkandi hagnað og mun lægra hlutfall sér fram á aukinn hagnað en á höfuðborgarsvæðinu.

Innlend eftirspurn

Stjórnendur búast að jafnaði við óbreyttri eftirspurn á innanlandsmarkaði. Rúmur helmingur stjórnenda, 57% þeirra, telur að innlend eftirspurn eftir vöru eða þjónustu fyrirtækjanna muni standa í stað á næstu sex mánuðum og hóparnir sem sjá fram á aukningu og samdrátt eru jafn stórir. Bestu eftirspurnarhorfurnar eru í fjármálastarfsemi og sérhæfðri þjónustu en lakastar í iðnaði og byggingarstarfsemi. Horfur á höfuðborgarsvæðinu eru mun betri en á landsbyggðinni.

Erlend eftirspurn

Stjórnendur vænta þess að eftirspurn eftir vörum þeirra og þjónustu á erlendum mörkuðum muni aukast á næstunni. Helmingur stjórnenda útflutningsfyrirtækja telur að eftirspurn á erlendum mörkuðum verði óbreytt á næstu sex mánuðum en 40% sjá fram á aukningu.

Verðþróun á erlendum mörkuðum

Stjórnendur telja horfur á stöðugu verðlagi á útfluttum vörum og þjónustu næstu sex mánuðina. Langflestir stjórnendur útflutningsfyrirtækja, eða rúm 70%, telja að verð á vörum eða þjónustu fyrirtækjanna á erlendum mörkuðum verði óbreytt í erlendri mynt á næstu sex mánuðum. Hóparnir eru álíka stórir sem telja að verð hækki og lækki. Í sjávarútvegi búast þó töluvert fleiri við lækkun afurðaverðs en hækkun, þ.e. 25% búast við lækkun en 14% hækkun.

Verðþróun á vörum og þjónustu fyrirtækjanna innanlands

Rúmur helmingur stjórnenda telur að verð á vörum og þjónustu fyrirtækja þeirra á innanlandsmarkaði muni verða óbreytt á næstu sex mánuðum en 40% þeirra búast við hækkun. Lítil munur er á atvinnugreinum hvað þetta varðar og enginn munur á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

Verð á aðföngum

Tveir þriðju hlutar stjórnenda telja að verð á aðföngum fyrirtækja þeirra muni hækka á næstu sex mánuðum en tæpur þriðjungur að það verði óbreytt.

Stýrivextir Seðlabankans

Að jafnaði búast stjórnendur við því að stýrivextir Seðlabankans verði óbreyttir eftir 12 mánuði en þeir eru nú 4,75%.

Verðbólga eftir eitt og tvö ár

Að jafnaði búast stjórnendur við því að verðbólgan verði 3,6% eftir eitt ár. Verðbólguvæntingarnar hafa farið minnkandi í undanförunum könnunum en þær voru að jafnaði 4,2% á fyrstu mánuðum ársins og 3,9% síðastliðið sumar. Stjórnendur telja hins vegar að verðbólgan fari vaxandi eftir það og verði að jafnaði 4,7% eftir tvö ár. Verðbólguvæntingar til tveggja ára hafa farið vaxandi en þær voru 4,1% í mars síðastliðnum.

Gengi krónunnar

Flestir stjórnendur búast við því að gengi krónunnar verði óbreytt eftir eitt ár, eða rúm 60%, en álíka stórir hópar vænta styrkingar og veikingar.

Um könnunina

Samtök atvinnulífsins eru í samstarfi við Seðlabanka Íslands um reglubundna könnun á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja á Íslandi. Könnunin er gerð ársfjórðungslega og er framkvæmd hennar í höndum Capacent. Einföld könnun með 7 spurningum er gerð í annað hvort skipti, en hin skiptin er gerð ítarlegri könnun með 19 spurningum.

Að þessu sinni var könnunin gerð á tímabilinu 17. október til 7. nóvember 2011 og voru spurningar 19. Í úrtaki voru 443 stærstu fyrirtæki landsins (miðað við heildarlaun) og svöruðu 280 þeirra þannig að svarhlutfall var 63% Niðurstöður eru greindar eftir staðsetningu, atvinnugrein, veltu og starfsmannafjölda. Ekki er um að ræða samræmda túlkun samstarfsaðilanna á niðurstöðum könnunarinnar.